

1. fundur nýrrar umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, miðvikudaginn 28. júlí 2010 kl. 17:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson, Sóley Indriðadóttir, Halldór Jóhannsson frá Teikn á lofti og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Langanesbyggðar.

Halldór frá Teikn á lofti fór yfir stöðu mála varðandi aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 – 2027. Nokkur umræða fór fram. Tillaga aðalskipulags samþykkt og sveitarstjóra falið að óska eftir samþykki Skipulagsstofnunar til að auglýsa skipulagið. *Samþykkt samhljóða.*

2. Deiliskipulag við Miðholt.

Halldór kynnti tillögu að deiluskipulagi við Miðholt, nefndin samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að ganga frá tillögunni og auglýsa. *Samþykkt samhljóða.*

3. Deiliskipulag við höfnina.

Halldór lagði fram tillögu að breytingu að deiluskipulagi að hafnarsvæði, nefndin samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að ganga frá tillögunni og auglýsa. *Samþykkt samhljóða.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:34.